

Fréttir

Félag verslunar- og skrifstofufólks
Akureyri og nágrenni



1. tölublað · 30. árgangur · 2016



***Orlofsmál
Aðalfundur
Samningar***

Orlofshúsin – fjölmargir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Í sumar verða í boði tvö hús á Illugastöðum, hús í Flókalundi í Vatnsfirði, hús á Einarstöðum á Héraði, orlofshúsið Skógarsel í Vaglaskógi, og orlofshús í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Þá verða í boði fjórar íbúðir sem félagið á í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík. Rétt er að minna á að 20 ára aldurstakmark er á leigu íbúðanna, miðað er við afmælisdaginn.

Athugið! Gæludýr eru stranglega bönnuð í húsum og íbúðum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.

Auk orlofshúsa býður félagið 100 „Vikur að eigin vali“ (orlofsstyrki) að upphæð allt að kr. 20.000 vegna ferðakostnaðar á árinu 2016. (þ.e. flug og gisting.) Þá eru 25 útilegukort til úthlutunar. Einnig verða í boði, eins og sl. sumar, niðurgreiddir gistimiðar á Eddu-hótelin og Foss-hótelin. Félagsmenn geta líka keypt miða í Hvalfjarðargöngin, veiðikort og jafnframt er hægt að kaupa útilegukort. Nú geta félagsmenn líka keypt inneignarbréf frá Flugfélagi Íslands að upphæð kr. 10.000, en félagsmenn greiða einungis kr. 6.000. Hver félagismaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almanaksári af eftirtöldum miðum, inneignarbréfum Flugfélags Íslands, gistimiðum á Fosshótel og gistimiðum á Eddu-hótel.

Nánar er sagt frá þeim húsum, íbúðum og styrkjum sem í boði eru í sumar á bls. 6, 7 og 8 í fréttabréfinu.

Rafrænar umsóknir

Hægt er að sækja um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á www.fvsa.is. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 29. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 11. apríl.

Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavefnum kl. 12:00 þann 15. apríl nk.

Aðalfundur FVSA 2016

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðhúsinu á Akureyri mánudaginn 22. febrúar sl. Eiður Stefánsson, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Einar Hjartarson, sem setið hefur í stjórn frá 2002, gaf ekki kost á sér til áframhaldandi trúnaðarstarfa fyrir félagið og var hann kvaddur á fundinum með smá þakklætisvotti frá FVSA fyrir hans störf í þágu félagsins.

Um síðustu áramót voru félagsmenn 2.326, þar af voru fullgreiddandi félagsmenn 1.978. 1.193 konur eða 61% og 785 karlar eða 39%.

Fram kom í máli Eiðs þegar hann kynnti skýrslu stjórnar að síðasta starfsár hefði verið viðburðaríkt. „Það er gaman að segja frá því að árið 1988 voru hörðustu verkfallsátök verslunarmanna frá upphafi, en þau endurspegluðu jafnframt samstöðu verslunarmanna. Farið var í verkfall til að fylgja eftir kröfu um 42.000 kr. lágmarkslaun.“ Eiður sagði að 27 árum síðar var aftur samþykkt að fara í verkfall. „Þar með var um 80% af



almenna vinnumarkaðnum annaðhvort farin í verkfall eða að fara í verkfall. Mikil pressa var komin á SA og í raun á forystu stéttarfélaganna líka, um að leysa þessa kjaradeilu áður en til verkfalls kæmi. Það tókst og skrifað var undir nýjan kjarasamning 29. maí sl. og var hann síðan samþykktur af félagsmönnum.“

Eiður sagði einnig frá nýjum kjarasamningi frá því í janúar sem felur í sér viðbætur við þær hækkningar sem samið var um á síðasta ári fyrir félagsmenn.

Harkan að aukast

Eiður sagði að harkan á vinnumarkaði væri að aukast. „Daglega er brotið á mörg hundruð erlendum starfsmönnum sem starfa hér á landi á vegum starfsmannaleiga. Dæmi eru um að starfsmenn vinni tíu til tólf tíma á dag, alla daga vikunnar á lágum launum. Þetta ástand var eitthvað sem við sáum í litlum mæli fyrir hrún.“

Eiður talaði einnig um sjálfbodaliða í ferðaþjónustu, einstaklinga sem koma til landsins og fá frítt fæði, húsnæði og fá að upplifa Ísland, gegn vinnufram-



lagi. „Stéttarfélögin geta ekki samþykkt að sjálfboðastörf komi í stað launaðrar vinnu. Allt þetta grefur undan íslenskum vinnumarkaði, þetta ástand gerir fyrirtækjum sem starfa eftir lögum og reglum erfitt fyrir. Það er áhyggjuefni sú harka og ósvífni sem er að birtast okkur á íslenskum vinnumarkaði og svo þátttökuleysi okkar félagsmanna í kosningum um sín kjör. Ég óttast að á næstu árum verði stéttarfélögin í varnarbaráttu fyrir því sem hefur áunnist á undanförunum áratugum, í stað þess að sækja fram. Ef við gerum ekki neitt, þá mun ríkja ófremdarástand á okkar vinnumarkaði þar sem atvinnurekendur geta ráðið í vinnu einstaklinga hvaðan að úr heiminum á þeim kjörum sem þeim

sýnist.“ Eiður sagði einnig að það kæmi ekki til greina að gefa eftir þann ávinn-ing og kjarabætur sem félagsmenn hafa náð á síðustu áratugum. „Samvinna er svarið, samvinna á milli stéttarfélaga og ekki síst allra þeirra aðila sem koma að íslenskum vinnumarkaði.“

EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!

Eiður sagði frá verkefni sem ASÍ var að hrinda af stað með yfirskriftinni *EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!* en með því á að reyna að koma í veg fyrir undirboð, svarta atvinnustarfsemi og mansal. „Til að fylgja þessu eftir standa yfir viðræður á milli stéttarfélaga innan ASÍ hér í Eyjafirði, Skagafirði og á Blönduósi, um að



ráða sameiginlegan eftirlitsfulltrúa í fullt starf sem kemur til með að sinna vinnustaðaheimsóknum ásamt einum starfsmanni til viðbótar frá stéttarfélögunum. Það er von okkar að með þessu fram-taki verði haldið úti öflugu vinnustaða-efirliti allt árið.“

Í máli Eiðs kom fram að félagið hefði átt 85 ára afmæli 2. nóvember sl. og haldið hefði verið upp á afmælið með opnu húsi á skrifstofu félagsins á Akureyri og á Siglufirði. „Boðið var upp á kaffi og afmælistertu í tilefni dagsins og mættu margir góðir gestir.“

Eiður sagði frá því að í október var gengið frá kaupum á nýrri 3 herbergja íbúð í Mánatúni í Reykjavík. „Með kaupum á þessari íbúð er stjórn FVSA að koma til móts við félagsmenn með því að auka framboð á gistingu í Reykjavík, en félagið á nú fimm íbúðir í Reykja-vík. Fjórar verða í almennri leigu en ein er notuð sem sjúkraíbúð fyrir félagsmenn sem þurfa að sækja lækniþjónustu til höfuðborgarinnar. Ákveðið var að tveggja herbergja íbúðin sem notuð var sem sjúkraíbúð fari í almenna leigu og nýja þriggja herbergja íbúðin verði sjúkraíbúð félagsins.“

Stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjórið var í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins því engin mótframboð bár-ust gegn lista uppstillinganefndar.

Einar Hjartarson sem setið hefur í stjórn félagsins frá árinu 2004 gaf ekki lengur kost á sér og tók Anna Kristín Árnadóttir sæti hans, en hún var áður í varastjórn félagsins. Sæti Önnu í varastjórninni tók Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.

Í stjórninni eiga sæti:

Eiður Stefánsson, formaður FVSA; Anna Kristín Árnadóttir Norðlenska; Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Fjallabyggð; Sigríður S. Stefánsdóttir O. Johnson og Kaaber og Jón G. Rögnvaldsson Pennanum. Í varastjórn eru, Agnes Reykdal BYKO, Halldór Óli Kjartansson Markaðsstofu Norðurlands og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson Flugfélagi Íslands.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð félagsins er skipað 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félagsmönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi.)

Auk stjórnar og varastjórnar sitja eftirfarandi félagsmenn í trúnaðarráði:

Aðalheiður Jonna Friðfinnsdóttir, Remote ehf
Áslaug Júlíusdóttir, Eimskip
Erla Bjarnadóttir, Höldur
Guðmundur L. Helgason, VÍS
Hallveig Stefánsdóttir, Grófgili
Helga Eymundsdóttir, Blikkrás
Ingvar Gunnarsson, BYKO
Jón H. Lárusson, Húsasmiðjan
Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen, Samkaup Úrval Ólafsfjörður
Kristín B. Hjaltalín, Kjarnafæði
Laufey Ingadóttir, Samkaup Nettó
Margrét Brynjólfssdóttir, Bókhalðsþjón. Þórðar Stefánssonar
Sigrún Kjartansdóttir, Icelandairhotel

Til vara:

Anna H. Jóhannesdóttir, Samkaup Úrval Dalvík
Bergþóra Jóhannesdóttir, Frumherji
Hanna S. Magnþórsdóttir, Bónus
Jónas Þór Sveinsson, Flugfélag Íslands
Katrín G. Pálsdóttir, Vífelfell
Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Primex ehf
Sigurlaug S. Einarsdóttir, Olís
Sigurlaug Hinriksdóttir, Samkaup Strax Byggðarvegi
Sólrún Hauksdóttir, Brauðgerð Kr. Jóns og Co

Stjórn sjúkrasjóðs

Eiður Stefánsson, FVSA
Guðríður Þorsteinsdóttir, Apótekarinn
Álfhildur Vilhjálmssdóttir, Vífelfell
Þórdís Bjarnadóttir, Höldur
Signý Sigurðardóttir, Nettó

Til vara:

Kristín Þorgilssdóttir, FVSA
Lilja S. Jóhannesdóttir, Lyf og heilsa
Stefán Jónsson, Húsasmiðjan

„Ánægðastur með að hafa fengið að koma að allri þessari uppbyggingu“

Einar Hjartarson starfar hjá Eimskip. Hann hefur bæði setið í stjórn FVSA frá árinu 2004 og einnig í stjórn Alþýðusambands Norðurlands fyrir hönd FVSA. Hann gegndi formannsstöðu AN á árunum 2006-08, varaformaður FVSA frá 2007-13, gjaldkeri í stjórn frá 2013-16 og var í stjórn orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum frá 2009. Það er því óhætt að segja að hann sé félaginu vel kunnugur.

Einar gaf ekki kost á sér til áframhaldandi trúnaðarstarfa fyrir félagið á síðasta aðalfundi og var því fenginn í smá spjall og auðvitað var fyrsta spurning, hvernig byrjaði ferillinn?

„Upphaflega byrja ég sem varamaður í stjórn árið 2002 þegar Úlfhildur kemur inn sem framkvæmdastjóri.“ Einar segir þau hafa þekkt frá fyrri störfum og að hún hafi ýtt á hann að koma til starfa hjá félaginu. Eitt hafi svo leitt að öðru og fyrr en varði var hann kominn upp í aðalstjórn auk þess að taka að sér fjöldann allan af verkefnum.

Áhyggjur af unga fólkinu

Aðspurður um hvað þurfi að bæta innan félagsins segist hann hafa mestar áhyggjur af yngra fólkinu. Þó svo að allar upplýsingar liggi fyrir á netinu, nefnir hann þar sérstaklega góðar



upplýsingar inn á vef FVSA, dugi það skammt ef vitneskjan um t.d. réttindi launamanna og gott fjármálalæsi sé ekki til staðar. Það sé þó verið að sækja í skólana til að fræða, ber þar helst að nefna VR-skólann. Þrátt fyrir að aðgengi sé auðveldara að upplýsingum núna en áður hefur svipaður fjöldi verið að sækja fundi allan þennan tíma.

Ánægður með uppbyggingu

Þegar talið berst að því hvað standi uppúr er Einar ekki lengi að hugsa sig

um: „Ég er ánægðastur með að hafa fengið að koma að allri þessari uppbyggingu sem hefur verið í félaginu á þessum tíma. Við höfum endurnýjað öll okkar orlofshús á Illugastöðum og eins í Skógarseli.“ Húsið í Skógarseli hafi verið dæmt ónýtt og farið var í vinnu að hanna nýtt hús. Einar kom að hönnun hússins og byggingu þess ásamt öðrum og „er þetta hús okkar stolt í dag,“ bætir hann við. Einnig segist hann vera ánægður með hvernig allar orlofsíbúðirnar í Reykjavík hafi verið endurnýjaðar, gömlu íbúðirnar hafi verið seldar og 5 nýjar íbúðir keyptar. Ein af þeim er notuð sem sjúkraíbúð.

Að lokum

Hann segir verkefni verkalyðsforingja í framtíðinni verði að sjá til þess að við missum ekki mannauðinn úr landi. Honum finnst það þó skiljanlegt að ungt fólk sjái frekar framtíð erlendis eins og staðan er. „Á meðan þetta unga fólk okkar getur verið 6 til 8 árum styttra að vinna fyrir húsinu sínu í öðrum löndum heldur en hjá okkur þá er eðlilegt að það yfirgefi landið.“

Að lokum vill Einar óska nýju fólki velfarnaðar í sínum störfum og þakka öllu því góða fólki sem hann hefur fengið að vinna með á undanförunum árum.

Með vífið í lúkunum

Leiksýningin er í boði fyrir ellilífeyrisfélaga Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni, Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, Sjómannafélags Eyjafjarðar og Félags vélstjóra og málmteknimanna.

Farið verður á leiksýninguna „Með vífið í lúkunum“ hjá leikfélagi Hörgdæla, sýnt verður í félagsheimilinu Melum í Hörgárdal, laugardaginn 12. mars.

Mæting er við Alþýðuhúsið á Akureyri kl. 13:30. Kaffiveitingar verða í boði fyrir sýningu.

Nánari upplýsingar og skráning er á skrifstofu félaganna í síma 455 1050 fyrir 4. mars.



Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði á árinu 2015 voru um 4 milljónum lægri en á fyrra ári. Alls voru greiddir út styrkir að upphæð um 47,6 milljónir króna en var 51,5 milljónir króna árið 2014.

Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga, í fyrra voru þeir að upphæð um kr. 20 milljónir sem er lægri upphæð en árið áður þegar hún var 22,7 milljónir. Alls fengu 43 félagsmenn sjúkradagpeninga í fyrra, sex færri en árið á undan.

Aðrir styrkir

Aðrir styrkir til félagsmanna voru tæpar 28 milljónir, greiddir til 982 félagsmanna.

Styrkir til líkamsræktar á síðasta ári voru að upphæð um kr. 14,6 milljónir sem er hækkun um rúma eina milljón milli ára. Tæpar 7,6 milljónir voru greiddar vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranudds sem er 1,3 milljón lægra en árið á undan.

Rúmlega 2,4 milljónir voru greiddar út vegna gler/lasik styrkja, rúmar 700.000 krónur vegna sálfræðiþjónustu og tæpar 670.000 krónur vegna krabbameinsleitar.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriði sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

Reglur

- Til að geta sótt um styrk úr sjúkrasjóði þarf félagsgjald að hafa borist vegna þriggja mánaða af síðustu tólf, þar af a.m.k. vegna eins mánaðar af síðustu sex.
- Öll réttindi falla niður ef félagsgjöld hafa ekki borist vegna síðustu 6 mánaða. (Undanskilin eru réttindi lífeyrisþega)
- Fullan rétt til styrkja úr sjúkrasjóði FVSA eiga allir sem hafa greitt meira en 12.000 kr. til félagsins á síðustu 12 mánuðum (meðaltal launa 100.000 á mánuði)
- Þeir sem hafa greitt frá 6.000 til 11.999 sl.12 mánuði (meðaltal launa 50.000 til 99.990 á mánuði) eiga rétt á 60% af fullum styrkjum.
- Örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 2 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Ellilífeyrisþegar eiga rétt á styrkjum úr sjúkrasjóði í 7 ár eftir að greiðslur til félagsins hætta að berast.
- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins

vegna örorku eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 2 ár eftir að greiðslur hætta að berast.

- Aðstandendur félagsmanns sem hættur er að greiða til félagsins vegna aldurs eiga rétt á dánarbótum kr. 150.000 í 7 ár eftir að greiðslur hætta að berast.
- Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt á styrkuppþæð miðað við greiðslur síðustu 12 mánaða í starfi.
- Stjórn sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveimur/ sjö árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 150.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)
- Umsókn um slíkan styrk þarf að fylgja skattframtal vegna næstliðins árs.

Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda

félagsmanns: Greidd 80 % launa í 4 mánuði

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar). Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðamót.

Hámarksgreiðsla styrkja til félagsmanns er kr. 60.000 á ári fyrir þá sem greitt hafa meira en kr. 12.000 til félagsins á síðustu 12 mánuðum og kr. 36.000 (60%) til þeirra sem hafa greitt frá kr. 6.000 til 11.999 á sama tímabili. Þeir sem ekki ná 6.000 kr. á síðustu 12 mánuðum eiga ekki rétt til greiðslu styrkja úr sjúkrasjóði.

	Hlutfall af reikningi	Hámark styrkja í krónum	
		100% styrkur	60% styrkur
• Sjúkrabjálfun:	75%	50.000	30.000
• Krabbameinsleit:	85%	5.000	3.000
• Líkamsrækt:	50%	30.000	18.000
• Sálfræðiþjónusta:	35%	25.000	15.000
• Nudd utan TR:	35%	25.000	15.000
• Gler / heymartæki: (á 3 ára fresti)	35%	20.000	12.000
• Glasa-/tæknifrjógvun: (á 3 ára fresti)	50%	55.000	33.000
• Lasik augnaðgerðir:	35%	55.000	33.000
• Dánarbætur:		300.000	
• Dánarbætur:		150.000 v/lífeyrisþega	
• Vímuefnaeðferð:		Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur	

Grímseyjarferð

Eftirtalin stéttarfélag bjóða félagsmönnum sínum ásamt einum gesti upp á Grímseyjarferð.

Ferðin verður farin föstudaginn 1. júlí kl 18:00.

Lagt verður upp frá Torfunefsbyggju með leiðsögn um Eyjafjörð.

Hvalir verða skoðaðir í firðinum og lundar í Grímsey. Sigling út í Grímsey tekur um 2,5 klst.

Í Grímsey verður boðið upp á sjávarfang að hætti heimamanna og fróðleik um sögu byggðar. Ferðin tekur um sex klukkustundir á nýju og hraðskreiðu hvalaskoðunarskipi Ambassadors.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu félaganna í síma 455 1050 sem allra fyrst, en í síðasta lagi 24. júní nk. – Verð á mann kr. 15.000.

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni · Sjómannafélag Eyjafjarðar
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri · Félag veltstjóra og málmteknimanna



Reykjavík

Félagið á fjórar íbúðir í Mánatúni 3 og 5 í Reykjavík, ein er 2ja herbergja, tvær eru þriggja herbergja og ein fjögurra herbergja. Félagið á einnig eina þriggja herbergja íbúð í Mánatúni 13. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vand- aðar og glæsilegar. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði.

ATHUGIÐ! Íbúðirnar eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Tveggja herbergja íbúðin er á fjórðu hæð. Eitt svefnherbergi er í íbúðinni, rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara. Gistiaðstaða er fyrir tvær manneskjur í íbúðinni. Barnastóll og barnarúm eru í íbúðinni.

Þriggja herbergja íbúðirnar eru á fjórðu hæð. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi eru þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir sjö manns í hvorri íbúð og að auki er barnarúm og barnastóll í íbúðunum.

Fjögurra herbergja íbúðin er einnig á fjórðu hæð. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir 10 manns og að auki er barnarúm og barnastóll.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

Verð:

2 herb. íbúð kr. 22.000

3 herb. íbúð kr. 28.000

4 herb. íbúð kr. 33.000

Nettenging er í íbúðunum.

Leigutími: Allt árið. (sumarleiga frá 1. júní til 17. ágúst.)

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.



Prif innifalin

Fyrirtækið Sólar ehf. sér um umsjón á íbúðum félagsins í Reykjavík. Nú þarf leigjandi ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Nánari upplýsingar eru í leigusamningi og á heimasíðu félagsins.

Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Tvö hús í sumarhúsabygginginni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsi nr. 2 er svefnrymi fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu. Hús nr. 19 er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svefnrymi er fyrir sex manns í húsinu auk svefnsófa í stofu og borðstofu. Heitur pottur er við húsin. Rúmföt fylgja, án lín, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð.

Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsa til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur.



Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Verð:

Nr. 2: kr. 21.000

Nr. 19: kr. 25.000

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 3. júní til 19. ágúst)

Skógarsel, Vaglaskógi

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvotta-herbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgirtur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklaus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

Verð kr. 44.000,-

Leigutími: Allt árið. (Sumarleiga frá 3. júní til 19. ágúst)



Munið:

Sótt er um orlofshús, „viku að eigin vali“ og útilegukort á félagavefnum! – Hægt að fá aðstoð á skrifstofu.

Miðhúsaskógur í Bláskógabyggð

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 kílómetra fjarlægð frá Laugarvatni þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, þar er t.d. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fermetrar með þrjú svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir sjö manns. Í því er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúsáhöld, borðbúnaður, uppþvottavél og gasgrill. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskþurrkur og þvottaefni í uppþvottavél. Heitur pottur er við húsið

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklaus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar /Lyklar: Orlofshúsið eru leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar mega koma frá kl 17.00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12.00. Lyklar eru í lyklaskáp sem staðsettur er við útidyr. Lyklum skal skilað í lyklaskápinn aftur við brottför.





Á svæðinu eru margar gönguleiðir, hægt að fá lánaðar golfkylfur hjá umsjónarfólki í mínigolf sem er á staðnum, uppblásið trampólín, frísbí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur og ýmislegt fleira. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Leigutími: 3. júní - 19. ágúst.

Verð: kr. 32.000,

Ný sjúkraíbúð

Í október var gengið frá kaupum á nýrri þriggja herbergja íbúð í Mánatúni 13 í Reykjavík. Íbúðin er 125 fm. á 3. hæð og verður notuð sem sjúkraíbúð í stað 2 herbergja íbúðar félagsins sem var notuð sem sjúkraíbúð, en mun nú fara í almenna leigu.



Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, setu- og borðstofa með eldhúskrók með öllum helstu eldhústækjum og búnaði og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar/Lyklar: Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar mega koma eftir kl. 16:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr og skal lykllum skilað í lykaskápinn aftur við brottför.



Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Leigutímabil: 17. júní til 19. ágúst.

Verð: Kr. 25.000,-

Einarsstaðir

Húsið sem er nr. 19 er 45 fermetrar að stærð og skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn ásamt heitum potti eru við húsið.

Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsinu er allur búnaður miðaður við átta manns.

ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Í lyklaboxi á bústað.



Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

Leigutími: 10. júní - 19. ágúst.

Verð kr. 25.000,-

Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á „**Vikur að eigin vali**“ (orlofsstyrki) og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2016 verða í boði 100 „**Vikur að eigin vali**“ að upphæð allt að kr. 20.000. Styrkirnir eru veittir vegna ferðakostnaðar (þ.e. flug og gisting) á árinu 2016. Einnig verður hægt að sækja um 25 útilegukort.

Þeir sem áhuga hafa á að ná sér í útilegukort þurfa að sækja um slíkt á sama hátt og þegar sótt er um orlofshús eða styrk.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 29. mars nk. Sótt er um orlofshús, útilegukort og orlofsstyrki á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, orlofsstyrk og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað.

Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina um mánaðamót mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða í síðasta lagi 11. apríl. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur á félagavef 15. apríl kl. 12:00.

Í ár er í fyrsta sinn í boði að kaupa inn eignarbréf frá **Flugfélagi Íslands**.



Inneignabréfið er að upphæð kr 10.000 en félagsmenn greiða fyrir það kr. 6.000.



Eins og undanfarin sumur mun félagið selja niðurgreidda gistimiða á **Edduhótelin** á kr. 8.500 og **Fosshótelin** á kr. 8.500. Nánari upplýsingar má finna á www.hoteledda.is eða www.fosshotel.is.



Hver félagsmaður getur að hámarki keypt 4 miða samanlagt á hverju almanaksári af eftirtöldum miðum, inneignarbréfum Flugfélags Íslands, gistimiðum á Fosshótel og gistimiðum á Edduhótel.

Veiðikortið verður áfram til sölu á skrifstofu félagsins á Akureyri á kr. 5.500. www.veidikortid.is.

Útilegukortið verður til sölu á skrifstofunni á Akureyri á kr. 14.900. www.utilegukortid.is.

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 635.

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, www.fvsa.is

„Taugar til félagsmála komu mér þarna inn“

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson er trúnaðarmaður fyrir félagsmenn FVSA sem starfa hjá Flugfélagi Íslands á Akureyri. Hann kom nýr inn í trúnaðarráð á síðasta ári.

Helgi var kjörinn trúnaðarmaður af samstarfsfólki sínu eftir að fyrri trúnaðarmaður fór að vinna hjá Flugfélaginu í Reykjavík, en hvað fékk hann til að taka þátt í trúnaðarráðinu? „Taugar til félagsmálanna komu mér þarna inn. Ég hef alltaf haft gaman af félagsmálum og sýnt þeim áhuga, var í nemendaráði í framhaldsskóla og hinu og þessu.“ Hann segir að samband hafi verið haft við sig um að taka þátt sem hann hafi að lokum samþykkt eftir stuttan umhugsunarfrest.

Kjaradeila og verkföll

Mikið gekk á í kjaradeilum síðastliðið vor sem væntanlega fór ekki framhjá neinum. Helgi tekur fram að þó að svo hafi virst sem allt væri á afturfótunum hafi starfsfólk Flugfélagsins staðið saman sem eitt. Hann hafi verið í sambandi við FVSA um stöðu mála og spurst fyrir. Sem betur fer var hægt að komast hjá verkfalli svo ekki þurfti að fara í hart. Það hafi þó bitnað aðeins á starfsfólki Flugfélagsins þegar starfsfólk Isavia fór í verkfall. Þá var ekki flogið þar sem engin flugvallabjónusta var í boði. Ekkert slökkvilið og slíkt á svæðinu. „Við mættum samt í okkar

vinnu á meðan og svöruðum símanum.“

„Það er ekki hægt að lesa hugsanir“

Eins og gefur að skilja er fjöldi félagsmanna umstalsvert meiri en fjöldi þeirra sem mæta á fundi. Telur Helgi að félagsmenn viti yfir höfuð hvað sé í gangi en hvað má gera til að virkja fólk? „Kannski mega trúnaðarmenn vera öflugri við það að koma upplýsingum áfram,“ segir hann og bætir svo við að líklegast séu margir sem hafi eitthvað að segja en hreinlega nenni ekki að mæta á fundi. „Í staðinn fyrir að mæta á fundina og segja sína skoðun og reyna að koma einhverju á framfæri þá er þetta því miður alltof mikil kaffistofupólitík.“

Á hann þar við að menn viðri sínar skoðanir við lítinn hóp af fólki sem skili í raun engu. „Það eru kannski 20 manns á kaffistofunni en svo mætir enginn á fund. Hvaða skilaboð gefur það? Það er náttúrulega það að allt sé í lagi, að fólk sé sátt.“

Síðan þegar loks komi að samningum fara allir að tuða en enginn geri neitt í málunum. Helgi hamrar á því að fólk verði að láta í sér heyra. „Ef fólk myndi mæta og segja sína skoðun og láta heyra í sér þá kannski sæist hugur félagsmanna betur. Það er ekki hægt að lesa hugsanir.“

Með þessu vill Helgi ljúka máli sínu, hann hvetur fólk til að mæta á fundi og láta heyra í sér og „...hafa gaman af lífinu!“



Starfsmenntasjóðir verslunar og skrifstofufólks

Ert þú að hugsa um að fara í nám? - Hefur þú verið á námskeiði nýlega?

Hvað er í boði?

● Starfsmenntastyrkur:

Veittur er styrkur til starfsnáms að hámarki kr. 90.000 á hverju almanaksári, en þó aldrei hærra en 75% af námskeiðsgjaldi. Hægt er að safna styrknum í 3 ár og nýta þá 270.000 kr. fyrir eitt samfellt nám.

● Tómstundastyrkur:

Veittur er styrkur allt að kr. 20.000 á ári þó aldrei hærra en 50% af námskeiðsgjaldi. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk.

● Ferðastyrkur:

Veittur er ferðastyrkur, hámark kr. 30.000 á ári, vegna starfsnáms, utan lögheimilis, fyrir allt að helmingi fargjalds ef vegalengdin milli heimilis og fræðslustofnunar er að lágmarki 50 km. Upphæðin dregst frá hámarksstyrk.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Félags verslunar og skrifstofufólks www.fvsa.is eða í síma **455 1050**.

FVSA hvetur alla félagsmenn sína til að kynna sér réttindi sín til endurgreiðslu. Allt nám er styrkhæft sem og tómstundanám-skeið hvers konar ef þau eru haldin af viðurkenndum aðilum.

Mikið meira en bara orlofsíbúðir og íþróttastyrkir


Aðalheiður Jonna Friðfinnsdóttir, eða Heiða eins og hún er kölluð, er nýliði í trúnaðarráðinu. Hún starfar sem þjónustufulltrúi hjá Remote ehf. á Siglufirði og er trúnaðarmaður starfsmanna þar. Við slógum á þráðinn til Heiðu.

Sátt með baklandið

Heiða segist hafa rennt blint í sjóinn þegar hún sló til og bauð sig fram sem trúnaðarmaður starfsmanna. Fyrst um sinn hafi hún, eins og svo margir, haldið að trúnaðarmaður væri einskonar sálusorgari og sáttasemjari sem samstarfsmenn gætu nýtt sér til að létta á sér. Annað kom á daginn og kveðst Heiða vera mjög sátt með samstarfið við FVSA. Þar sé gott fólk sem tekur vel á móti manni.

Í fyrstu virtist starfið vera einungis formsins vegna en svo hafi komið í ljós að svo var ekki. Af miklu sé að taka og þó það sé ekki endilega að vinna í einstaka málum fyrir samstarfsmenn þá sé svo mikið að læra og miðla.

Þá tekur hún sérstaklega fram að starfsdagur trúnaðarmanna hafi verið fræðandi og skemmtilegur. Þar hafi hún lært mikið og miðlar þeirri vitneskju til samstarfsfólks. Nefnir hún þar sérstak-



lega lestur á launaseðlum sem sé ekki endilega á færi margra. Einnig að stéttarfélagið sé miklu meira en bara leiga á orlofshúsum og íþróttastyrkir.

Við höfum eitthvað að segja

Áður upplifði hún kjaramálin sem eitthvað fjarlægt fyrirbæri sem aðrir sæju um fyrir hana en með tíð og tíma hafi hún áttað sig á því að við höfum öll eitthvað að segja í þeim efnum. Það

erum við, fólk í landinu, sem eigum að standa vörð um rétt okkar og mikilvægt sé að hafa breiða samstöðu í þeim efnum. Því sé mikilvægt að byrja snemma og kynna krökkum starfsemi stéttarféлага strax í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Bæði svo að þau standi betur að vígi þegar þau fari út á vinnumarkaðinn og passi að ekki sé svindlað á þeim og einnig vegna þess að með meiri þekkingu stöndum við sterkari saman. Með reynslunni lærir maður en það er ekkert því til fyrirstöðu að gera fólk grein fyrir sínum hagsmunum strax frá byrjun.

Heiða fagnar tækifærinu að læra eitthvað nýtt og ef það væri eitthvað sem hún sæi eftir væri það að hafa

ekki kynnt sér málin fyrr. Þó hún hafi ekki verið mjög lengi á vinnumarkaði virki það í raun sem svo að hún hafi misst af nokkrum árum í styrki og fræðslu frá stéttarfélaginu.

Hún hvetur að lokum fólk til að kynna sér starfsemi síns stéttarfélags, þar sé fólk eins og ég og þú tilbúið til að hjálpa þér og leiðbeina.

Starfsdagur trúnaðarmanna

Fjölmargir félagsmenn tóku þátt í árlegum starfsdegi trúnaðarmanna FVSA sem haldinn var 19. janúar sl. í fundarsal veitingastaðarins Greifans á Akureyri.

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR, 1. varaforseti ASÍ og varaformaður LÍV, kom og fór yfir stöðuna í kjaramálum. Síðan tók Elías G. Magnússon, forstöðumaður Kjaramálasviðs VR við, og fór yfir kjarasamninginn og í lok starfsdagsins kusu trúnaðarmenn átta félaga úr sínum röðum og fjóra til vara í trúnaðarráð félagsins. Almenn ánægja var með starfsdaginn sem heppnaðist mjög vel.



Félagsmenn FVSA að störfum

Félagsmenn FVSA vinna á fjölmörgum vinnustöðum á svæðinu. Starfsmaður félagsins var á ferðinni nýlega, heimsótti nokkra vinnustaði og tók myndir af félagsmönnum.

Afrakstur ferðarinnar má sjá hér á síðunni.



Advania.



DK hugbúnaður.



ENOR ehf.




Grófargil.



Motus - Lögheimtan.



Hótel KEA.



Remote ehf.



Spretturinn.



Norðlenska.



Samvirkni.



VÍS Akureyri.

Nýir kjarasamningar samþykktir

Skrifað var undir nýjan kjarasamning aðildarfélaganna ASÍ við SA þann 21. janúar 2016 og gildir hann frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018. Kjarasamningurinn felur í sér verulegar viðbætur við þær hækkunar sem samið var um á síðasta ári fyrir félagsmenn. Samningurinn byggir á ramma-samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27.10 2015 og bókun um lífeyrisréttindi frá 5.5. 2011 og er ætlað að tryggja jafnræði í kjarapróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnun lífeyrisréttinda.

Sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamninginn lauk á hádegi 24. janúar sl. og var samningurinn samþykktur með 91,28% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 75.635 félagsmenn. Atkvæði greiddu 10.653 eða 14,08%. Já sögðu 9.724 en 832 sögðu nei eða 7,81%. Auðu skiluðu 97 eða 0,91%.

Sameiginlegri atkvæðagreiðslu um kjarasamning VR/LÍV við Félag atvinnurekenda frá 22. janúar 2016 lauk á sama tíma og var samningurinn samþykktur með 91,59% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 1.677 félagsmenn. Atkvæði greiddu 321 eða 19,14%. Já sögðu 294 en 25 sögðu nei eða 7,79%. Auðu skiluðu 2 eða 0,62%.

Launaliðir:

2016: Í stað 5,5% launapróunartryggingar kemur 6,2% almenn launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði. Launahækkunin kemur til framkvæmda 1. janúar 2016 í stað 1. maí

2016. Hafi launagreiðandi framkvæmt almenna hækkun launa gagnvart þorra starfsmanna á tímabilinu 2. maí 2015 til 31. desember 2015 er heimilt að draga hana frá hækkuninni. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun á tímabilinu 2. maí til 31. desember, að lágmarki kr. 15.000 á mánuði. 2017: Í stað 3,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2017 kemur 4,5% almenn launahækkun. 2018: Í stað 2,0% almennrar launahækkunar 1. maí 2018 kemur 3,0% almenn launahækkun.

Lífeyrisréttindi:

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækka og verður: Framlag hækka 1. júlí 2016 um 0,5% stig og verður 8,5%. Framlag hækka 1. júlí 2017 um 1,5% stig og verður 10,0%. Framlag hækka 1. júlí 2018 um 1,5% stig og verður 11,5%.

Hvað er framundan

Í lok október skrifuðu helstu aðilar á vinnumarkaði undir samkomulag sem vonir standa til að varði leiðina að nýju vinnu-markaðslíkani á Íslandi. Markmiðið er að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar. Hinum Norðurlöndunum hefur tekist betur en okkur að tryggja kaupmáttaraukningu og á sama tíma viðhaldið stöðugleika. Þann 7. maí nk. verður haldinn fundur aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel, þetta verður vinnufundur í þjóðfundarstíl og FVSA sendir tvo fulltrúa. Þegar þessari hugmyndavinnu er lokið og allir aðilar á vinnumarkaði ná saman um niðurstöðu, verður hún lögð fyrir félagsmenn til afgreiðslu.

asi.is/klukk'."/>

KLUKK
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT

Available on the App Store
GET IT ON Google play

VERTU MED VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frjálts tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hveinar. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



VR-Skólinn

FVSA hefur verið í samstarfi við VR ásamt Einingu-löju um VR-Skóla lífsins. Þetta er námskeið fyrir ungt fólk sem fer fram á netinu auk einnar kvöldstundar með reyndum ráðgjöfum frá Dale Carnegie. Námskeiðið var haldið 25. júní sl. og útskrifuðust 30 þátttakendur það kvöld.

Góð samvinna var á milli nokkurra fyrirtækja í bænum og FVSA um að hvetja starfsmenn og verðandi starfsmenn til þátttöku.